

Fimmtudaginn 15. janúar 1998.

Nr. 4/1998.

**Edda Gréta Guðmundsdóttir**

(Pétur Jónsson)

gegn

**íslenska ríkinu**

(Jón G. Tómasson hrl.)

Kærumál. Frávísunarúrskurður staðfestur. Res judicata.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arn-  
ljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 19. desember  
1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 5. janúar 1998.  
Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 12. desember 1997,  
þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðila var vísað frá dómi.  
Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð  
einkamála. Í kæru kemur fram, að þess sé „krafist, að úrskurði héraðs-  
dóms verði hrundið“.

Varnaraðili krefst staðfestingar úrskurðar héraðsdóms og kæru-  
málskostnaðar.

Í forsendum hins kærða úrskurðar kemur fram, að lýsingu í mála-  
tilbúnaði sóknaraðila á málsástæðum og öðrum atvikum sé svo  
áfátt, að skilyrði e-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 teljist ekki  
vera uppfyllt. Með vísan til þessara forsendna verður niðurstaða  
héraðsdómara staðfest. Sóknaraðila verður gert að greiða kæru-  
málskostnað, eins og í dómsorði greinir.

### **D ó m s o r ð:**

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Edda Gréta Guðmundsdóttir, greiði varnar-  
aðila, íslenska ríkinu, 40.000 krónur í kærumálskostnað.

### **Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 12. desember 1997.**

Mál þetta, sem höfðað er með stefnu, þingfestri 4. september 1997, var  
tekið til úrskurðar 2. desember síðastliðinn að loknum munnlegum mál-  
flutningi um fram komna frávísunarkröfu stefndu.

Stefnandi er Edda Gréta Guðmundsdóttir, kt. 130738-2069, Vesturgötu 15, Ólafsfirði.

Stefnt er viðskiptaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði gert að greiða stefnanda 7.593.832,67 kr. auk vanskilavaxta „p. a. skv. 10. gr., sbr. 12. gr. vaxtalaga, frá 23. 3. 1987 til greiðsludags“. Þá er krafist málskostnaðar í þessum þætti málsins úr hendi stefndu.

Stefndu krefjast þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi og stefnandi úrskurðaður til að greiða stefndu hæfilegan málskostnað að mati dómsins.

## I.

Stefnandi lýsir málsatvikum svo í stefnu, að hún hafi átt „ábótareikning“ í Útvegsbanka Íslands, sem hún hafi haft þar í geymslu í öryggisskyni. Hafi peningainnstæðan á reikningnum 28. september 1987 verið 7.593.832,67 kr., en þann dag hafi starfsmenn bankans tekið „traustataki“ alla þá fjárhæð og notað hana „í eigin þágu bankans“. Númer áðurnefnds reiknings stefnanda hafi verið 506093 í aðalbanka Útvegsbanka Íslands í Austurstræti, en starfsmenn bankans hafi ónýtt reikninginn „þegar eftir stuld þeirra á innstæðu ábótareikningsins“.

Í kafla í stefnu, sem ber yfirskriftina Málsástæður og lagarök, er í upphafi vísað um ábyrgð viðskiptaráðherra til þess, að Útvegsbanki Íslands hafi verið í eigu ríkisins á þeim tíma, sem hinar ólögmatu aðgerðir starfsmanna bankans hafi verið framdar, og hljóti ríkið sem eigandi bankans að bera ábyrgð á því tjóni, sem af þeim aðgerðum hafi leitt. Er vísað til 6. gr. laga nr. 7/1987 um stofnun hlutafélagabanka um Útvegsbanka Íslands. Þá sé fjármálaráðherra stefnt sem fyrirvarsmanni fyrir ráðstöfun fjármuna úr ríkissjóði. Er því fram haldið af hálfu stefnanda, að Útvegsbanki Íslands hafi „tekið traustataki“ 7.593.832,67 kr. út af bankabók stefnanda og ráðstafað fénu í eigin þágu.

## II.

Stefndu reisa frávísunarkröfu sína í fyrsta lagi á því, að framangreind lýsing á málsástæðum og tilvísun til lagaákvæða sé svo óskýr og óljós, að erfitt sé að koma við raunhæfum vörnum. Skorti því viðhlítandi grunn fyrir því, að dómur verði lagður á kröfur stefnanda, eins og þeim er lýst og þær rökstuddar í stefnu. Beri að vísa málinu frá dómi þegar af þeirri ástæðu. Vísa stefndu í því sambandi til e- og f-liðar 80. gr. laga nr. 91/1991.

Í annan stað benda stefndu á, að með dómi Hæstaréttar frá 29. júní 1995 hafi Íslandsbanki hf. verið sýknaður af kröfum stefnanda í máli um sama sakarefni og um greiðslu á sömu fjárhæð og nú er stefnt fyrir. Í niðurstöðu

Héraðsdóms Reykjavíkur 16. maí 1991, sem Hæstiréttur hafi staðfest með vísan til forsendna, segi meðal annars, að stefnandi hafi samþykkt, að 6.800.000 kr. af láni, sem Útvegsbanki Íslands hafði veitt stefnanda, yrði í höndum bankans sem trygging fyrir greiðslu skuldar sambýlismanns stefnanda og bróður hans við bankans. Hafi æðsti dómstóll landsins þannig þegar dæmt um sakarefni, sem stefnandi virðist nú ætla Héraðsdómi Reykjavíkur að fjalla um öðru sinni. Beri því einnig að vísa málinu frá dómi af þessum sökum, sbr. 2. tl. 116. gr. laga nr. 91/1991.

### III.

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1987 var Útvegsbanki Íslands gerður að hlutafélagi undir sama nafni 1. maí 1987, sem við þá breytingu tók við rekstri bankans. Ríkissjóður bar þó áfram ábyrgð á skuldbindingum bankans, sem stofnað hafði verið til, áður en hann var lagður niður. Féll ríkisábyrgð niður tveimur árum eftir viðtöku hlutafélagsbankans, sbr. 6. gr. áðurnefndra laga, 1. maí 1989. Með samningi 29. júní 1989 keyptu þrír hlutafélagabankar, Alþýðubankinn, Iðnaðarbanki Íslands og Verslunarbanki Íslands, hlutabréf ríkissjóðs í Útvegsbanka Íslands hf. Var bankarekstur allra bankanna sameinaður að fullu fyrir lok júní 1990, en þá tók Íslandsbanki hf. til starfa og tók um leið við öllum réttindum og skyldum Útvegsbanka Íslands hf., er þá hætti bankastarfsemi, sbr. 1. mgr. 50. gr. þágildandi laga um viðskiptabanka nr. 86/1985.

Mál þetta á rætur að rekja til þess, að 13. mars 1987 tók stefnandi lán hjá Útvegsbanka Íslands og gaf út veðskuldabréf til 6 ára, að fjárhæð 9.000.000 kr., til tryggingar láninu. Af þeirri fjárhæð voru 6.800.000 kr. lagðar inn á reikning nr. 606093 við bankann, en afganginn að frádrögnum lántökukostnaði, 1.927.658 kr., fékk stefnandi í hendur. Reikningurinn var ónýttur 22. september 1987 og innstæðu hans, sem þá nam 7.593.832,67 kr., ráðstafað til lúkningar skuld samkvæmt skuldabréfi, að fjárhæð NLG 315.000, sem sambýlismaður stefnanda og bróðir hans höfðu gefið út til Útvegsbanka Íslands 30. júlí 1985.

Með stefnu, birtri 18. október 1990, höfðaði stefnandi mál á hendur Íslandsbanka hf. og gerði meðal annars þá kröfu, yrði ekki orðið við A-lið aðalkröfu hennar, að stefndi yrði dæmdur til að greiða stefnanda 7.593.832,67 kr. ásamt dráttarvöxtum. Segir svo um þennan þátt málsins í niðurstöðu dóms bæjarþings Reykjavíkur, upp kveðins 16. mars 1991:

„Það þykir fram komið, að stefnandi hafi samþykkt, að 6.800.000 kr. af láninu, sem málið er risið af, yrðu í höndum Útvegsbanka sem trygging fyrir greiðslu þeirra Péturs Jónssonar og Baldurs Jónssonar á skuldum þeirra við bankann. Þar sem þeir Pétur og Baldur greiddu ekki skuldir sínar, verð-

ur að telja, að bankanum hafi verið heimilt að ganga að tryggingunni til greiðslu skulda þessara.“ Var stefndi því sýknaður af þessari kröfu stefnanda sem og öðrum kröfum, er hún hafði uppi í málinu á hendur honum. Þess skal getið, að í upphafi niðurstöðukafla dómsins er greint frá því, að aðild stefnda í málinu sé óumdeild.

Stefnandi áfrýjaði dómi þessum til Hæstaréttar og hafði uppi sömu endurgreiðslukröfu á hendur Íslandsbanka hf. og áður greinir. Með dómi réttarins 29. júní 1995 var hinn áfrýjaði dómur staðfestur með vísan til forsendna hans.

Með umræddum dómi Hæstaréttar var endanlega kveðið á um, að Útvegsbanka Íslands hefði 22. september 1987 verið heimilt að ráðstafa 7.593.832,67 kr. út af umræddum reikningi stefnanda við bankann til greiðslu á vanskilaskuldum sambýlismanns hennar og bróður hans við bankann. Verður sama sakarefni ekki borið undir dómstóla öðru sinni. Ber því með skírskotun til 2. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 að vísa málinu frá dómi, en að auki verður að telja, að lýsingu stefnanda á málsástæðum og atvikum í stefnu sé svo áfátt, að eigi sé fullnægt skilyrðum e-liðar 1. mgr. 80. gr. sömu laga.

Eftir þessum úrslitum verður stefnandi úrskurðaður til að greiða stefndu málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 75.000 kr.

Úrskurðinn kveður upp Helgi I. Jónsson héraðsdómari.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Edda Gréta Guðmundsdóttir, greiði stefndu, viðskiptaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, 75.000 kr. í málskostnað.

---